

**Samstarfssamningur**

**milli**

**Endurskoðunarnefndar og fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar**

*Hlutverk endurskoðunarnefndar*

Um störf endurskoðunarnefndar gildir samþykkt borgarráðs dags. 10. júlí 2014. Í samþykktinni er kveðið á um hlutverk og ábyrgð nefndarinnar og hefur nefndin sett sér starfsreglur til þess að ná þeim markmiðum sem í samþykktunum felast. Í starfsreglunum er kveðið nánar á um einstök atriði í samþykktinni og með hvaða hætti nefndin hyggst starfa.

Verkefni nefndarinnar koma fram í 2. gr. samþykktanna og er kveðið nánar á um einstök atriði í 4., 5. og 6. grein. Á sviði reikningsskila er hlutverk nefndarinnar:

*að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og auk þess*

- a. að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum.
- b. ábyrgð á því að til staðar sé kerfi sem tryggir upplýsingagjöf um gerð reikningsskila til nefndarinnar frá stjórnendum.

*Í starfsreglum nefndarinnar segir að nefndin starfi að þessu verkefni með eftirfarandi hætti:*

- a. fá upplýsingar frá fjármála- og áhættustýringarsviði um hvaða reikningsskil og fjárhagslegar upplýsingar eru lagðar fyrir borgarráð og borgarstjórn með reglulegum hætti og hvenær það er gert.
- b. fá upplýsingar frá fjármála- og áhættustýringarsviði um það vinnuferli sem í gildi er á hverjum tíma um gerð reikningsskila og annarra fjárhagslegra upplýsinga.
- c. fá kynningu fjármála- og áhættustýringarsviði á upplýsingum um rekstur og stöðu áður en þær eru lagðar fyrir borgarráð.
- d. fá kynningu fjármála- og áhættustýringarsviði á starfsáætlun við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs og upplýsingar um mikilvægar forsendur sem lagðar eru til grundvallar áætluninni. Hafa ber til hliðsjónar ákvæði 62. gr. sveitastjórnarlaga.
- e. yfirfara ársreikning og árs hlutareikning A hluta og samstæðu borgarsjóðs áður en hann er lagður fram til kynningar í borgarráði.

*Hlutverk fjármála- og áhættustýringarsviðs*

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og er ráðgefandi við stefnumörkun um fjárhagsleg viðfangsefni. Sviðið ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum, launavinnslu, fjárstýringu og innheimtu. Sviðið fer með innkaupastjórnun, ráðgjöf á sviði innkaupa og ber ábyrgð á að farið sé að innkaupareglum og lögum um opinber innkaup. Sviðið leiðir áhættustýringu og fylgir eftir áhættustefnu borgarinnar. Þá fer sviðið með eigandafyrirsvar Reykjavíkurborgar og gegnir samhæfingar- og eftirlitshlutverki um upplýsingagjöf á sviði rekstrar og fjárfestinga.

## Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

### *Samkomulag fjármála- og áhættustýringarsviðs og endurskoðunarnefndar*

Með hliðsjón af þeim markmiðum borgarstjórnar sem fram koma í samþykktum endurskoðunarnefndar og umsögn um hlutverk fjármála- og áhættustýringarsviðs er mikilvægt að gott og skilvirkt samstarf sé milli nefndarinnar og sviðsins.

Samkomulag er því um:

að fjármála- og áhættustýringarsvið:

- a) veiti endurskoðunarnefnd á hverju starfsári nefndarinnar upplýsingar um áætlaðar tímasetningar á framlagningu fjárhagsupplýsinga sem lagðar eru fyrir borgarráð og falla undir verkefni endurskoðunarnefndar
- b) upplýsi um fundi sem fjármála- og áhættustýringarsvið áformar að halda með ytri endurskoðendum borgarinnar og veita endurskoðunarnefnd tækifæri til þess að sækja slíka fundi
- c) upplýsi endurskoðunarnefnd tímanlega um veruleg álitamál eða vandkvæði sem fram koma við gerð árshlutareikninga og ársreikninga
- d) kynni endurskoðunarnefnd árshlutareikninga og ársreikning tímanlega áður en reikningsskilin eru lögð fyrir borgarráð
- e) kynni endurskoðunarnefnd starfsáætlun við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs um leið og hún liggur fyrir eða breytingar gerðar og kynni jafnframt mikilvægar forsendur sem liggja þar til grundvallar
- f) veiti endurskoðunarnefnd reglubundnar upplýsingar um verkefni og greiningar á sviði áhættustýringar
- g) veiti endurskoðunarnefnd upplýsingar um það vinnuferli og innra eftirlit sem í gildi er á hverjum tíma við gerð reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga

að endurskoðunarnefnd:

- a) upplýsi fjármála- og áhættustýringarsvið um ábendingar eða athugasemdir sem fram koma í störfum nefndarinnar og varða verkefni sviðsins
- b) upplýsi um fundi sem nefndin áformar að halda með ytri endurskoðendum og varða verkefni fjármála- og áhættustýringarsviðs
- c) veiti fjármála- og áhættustýringarsviði aðgang að fundum nefndarinnar með B-hluta fyrirtækjum um ársuppgjör, vegna ábyrgðarhlutverks sviðsins skv. eigandastefnu Reykjavíkurborgar um fjárhagslega eftirfylgni og eftirlit með fyrirtækjunum
- d) veiti fjármála- og áhættustýringarsviði aðstoð eftir því sem nefndinni er unnt og óskað er eftir

Endurskoðunarnefnd mun óska eftir því að sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs komi á fund nefndarinnar til kynningar og viðræðna um störf sviðsins og endurskoðunarnefndar eftir því sem tilefni verður til.

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 16.10. 2023